

gason, hafi sagt þessu embætti af sèr; en þar honum hafi verið 1859.  
 leyft að halda þeim 24 rd., sem reglugjörð 29. apríl 1785 25. febrúar.  
 leggur fyrir prestsverk við hinn lærða skóla, meðan hann væri  
 í embætti, þá hafið þér einnig skotið því undir úrskurð fræðslu-  
 málastjórnarinnar, hvort ekki mætti leggja dómkirkjuprestinum  
 í Reykjavík, sira Ólafi Pálssyni, bæði á þessu skólaári og fram-  
 vegis þá 40 rd., sem í fjárhagslögunum eru taldir fyrir prests-  
 verk við skólann.

Þessu svörum vèr nú á þá leið, til eptirsjónar og til aug-  
 lýsingar prófasti Ó. Pálssyni og fèhirði skólans, að þareð athuga-  
 semdir við frumvarpið til fjárhagslaganna fyrir árið 1853/54 bera  
 með sèr, að 16 rd. borgun sú, sem upp frá þeim tíma hefir  
 verið lögð dómkirkjuprestinum fyrir þessi embættisverk hans,  
 einúngis átti sèr stað um stundar sakir, þar hún skyldi falla  
 niður undireins og Garðar og Bessastaðir losnuðu og hann gæti  
 fengið þá 24 rd., sem reglugjörð 29. apríl 1785 til tekur, þá  
 getur hann hvorki á þessu reikningsári nè framvegis fengið meir  
 en þessa síðast nefndu 24 rd.

**6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins** 26. febrúar.  
 á Íslandi, um geymslu á íslenskum leiðarbrèfum  
 þeirra skipa, sem gjörð eru út til fiskiveiða.<sup>1</sup>

Þér hafið, herra stiptamtmaður, í brèfi yðru 7. september  
 í fyrra skýrt stjórnarráðinu frá því, að sýslumaðurinn í Gull-  
 bringu- og Kjósar-sýslu hafi ritað á skjöl skipsins *Anna Helene*,  
 15 lestarúm að stærð, sem stórkaupmaður Knudtson er eigandi  
 að, og sem átti að fara frá Hafnarfirði til Kaupmannahafnar,  
 án þess að leiðarbréf það, sem árið 1854 var keypt handa

<sup>1</sup>) Áþekk bréf eru sama dag skrifuð amtmönnunum í hinum undæm-  
 unum á Íslandi.



1859. þessu skipi, væri meðal skilríkjanna, þaræð skjal þetta, eptir 26. febrúar. því sem hlutaðeigandi skýrir frá, hafi verið sent til stjórnarinnar um haustið 1857. Þær hafið þarhá skýrt frá því, að síðan þetta skip kom til Íslands árið 1854, hafi það verið á fiskiveiðum um Faxaflóa en á veturna stöðugt legið í Hafnarfirði, án þess á því tímabili að hafa gjört nokkra ferð til útlanda, og hafið þær því álitid vafasamt, hvort optnefnt skip ekki hefði átt að kaupa íslenzkt leiðarbréf þegar það fór frá Íslandi. Þær hafið því skotið því undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hverri reglu skuli framvegis fylgt þegar eins er ástatt.

Dómsmálastjórnin lætur yður nú vita, að eptir kríngumstæðunum leyfum vër að nefnt skip megi vera laust við að kaupa leiðarbréf til ferðarinnar frá Íslandi haustið sem leið, og álfum vër þarhá að eptirleiðis muni réttast, þegar líkt stendur á, að leiðarbréf það, sem hefir verið keypt í Danmörku handa skipi því, sem einúngis er ætlað til fiskiveiða við strendur Íslands eða þá um leið til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, og sem þessvegna ekki fer heimleiðis á sama ári, sè geymt hjá hlutaðeiganda sýslumanni á Íslandi meðan skipið er þar, og skal sýslumaður þá, í reikningum þeim, sem hann á ári hverju er skyldur að senda dómsmálastjórninni um skipagjöld, skýra frá að hann hafi leiðarbréfið til geymslu; en þegar skipið fer frá Íslandi þángað sem það á heima, þá skal sýslumaður afhenda skipstjóra leiðarbréfið eptir beiðni hans, og svo rita á það, að skipið fari frá Íslandi, og skal þarhá einnig um þetta atriði gjöra skýrslu í reikningunum fyrir skipagjöld á því ári.

26. febrúar.

## 7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vestur-umdæminu, um reglur fyrir því, þegar útlendingar vilja taka sèr bólfestu á Íslandi.

Þær hafið, herra amtmáður, í bréfi yðru 8. nóvember í haust er leið skýrt frá því, að L. Bouriard, sem þær hafið